

Landshnitakerfið endurmælt

Landmælingar Íslands stóðu að endurmælingu á landshnitakerfi Íslands í samvinnu við fjölda stofnana og sveitarfélaga á öllu landinu í fyrri hluta nýliðins ágústmánaðar.

Hnitakerfi landsins, svo kallað grunnstöðvanet, var mælt upp á nýtt. Núverandi mælistöðvar, sem eru 119 talsins, voru mældar árið 1993, en vegna þess hve hreyfing landsins er mikil er talið nauðsynlegt að mæla allt netið á 10 ára fresti til að tryggja áreiðanleika og nákvæmni þess. Rek Ameríku- og Evrópuflekanna er áætlað um tveir sentimetrar á ári og síðan bætast við miklar jarðskorpuhreyfingar eins og á Suður- og Norðausturlandi. Íslenska grunnstöðvanetið er undirstaða fyrir allar mælingar hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila.

Á fjórða tug mælingamanna

Þetta umfangsmikla verkefni hófst við mælistöð nálægt Reykholti í Borgarfirði þegar Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra kveikti á fyrsta GPS landmælingatækini. 19 aðrir mælingahópar hófu síðan mælingar á 34 mælistöðvum á Norðurlandi. Mældar voru staðsetningar allra mælistöðva sem voru mældar 1993 auk 11 nýrra mælistöðva. Farið var á 130 staði víðs vegar á landinu, jafnt í byggð sem í óbyggðum. Í mælingahópunum voru 34 mælinga- og aðstoðarmenn sem dreifðu sér um landið



Í mælingahópunum voru 34 mælinga- og aðstoðarmenn sem dreifðu sér um landið á 19 vel útbúnum jeppum með 35 GPS landmælingatæki.

á 19 vel útbúnum jeppum með 35 GPS landmælingatæki.

Að sögn Þórarins Sigurðssonar forstöðumanns mælingasviðs LMÍ gengu mælingarnar framár vonum. „Okkur gekk vel að halda áætlun í þessari einstöku veðurbliðu sem landsmenn nutu í ágúst. Framkvæmd verkefnisins var þeim aðilum sem að því stóðu til mikils sóma og eru þeim færðar bestu þakkir. Mælingamönnum var tekið opnum örmum hvar sem þeir voru að störfum og vil ég sérstaklega geta félaga í björgunarsveitum sem voru boðnir og búnir til aðstoðar á öllum tímum sólarhringsins,“ sagði Þórarinn. Gæði gagnanna þykja með ágætum og tekur nú við úrvinnsla þeirra.

Notkun eykst hratt

Notkun GPS kerfisins til staðarákvörðunar eykst með hverju árinu sem líður og munu um 200 GPS landmælingatæki vera í notkun á landinu. GPS leiðsögutæki skipta þúsundum og fjölgar hratt enda er ferðamönnum GPS kerfið mikilvægt bæði til leiðsagnar og öryggis.

Mikilvægi grunnstöðvanetsins kemur m.a. fram í ýmsum verkefnum sem lúta að öryggi eða stórframkvæmdum í samfélaginu og byggja á nákvæmni og áreiðanleika hnitakerfisins. Öll kortagerð og skipulagsvinna í landinu byggir á grunnstöðvanetinu og sífellt eru gerðar meiri kröfur um nákvæmni. Með tilkomu landupplýsingakerfa er landshnitakerfið grundvöllur þess að bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og almenningur geti unnið með samræmdum hætti við mælingar og kortagerð.

Alfarið í umsjá Íslendinga

Fjölmargar stofnanir s.s. Flugmálastjórn Íslands, Veðurstofa Íslands, Landsvirkjun og Vegagerðin nýta grunnstöðvanetið við margvíslegar framkvæmdir og mikilvægi landshnitakerfisins er ótvírætt fyrir hin ýmsu öryggiskerfi landsins.

Landmælingar Íslands lögðu mikinn metnað í að þetta verk tækist sem best. Þetta er í fyrsta skipti í sögu landmælinga á Íslandi sem landshnitakerfið er endurmælt og í fyrst sinn sem Íslendingar sjá alfarið um undirbúning, framkvæmd og útreikninga á svo viðamiklum mælingum.



Þórarinn Sigurðsson, forstöðumaður mælingasviðs LMÍ, Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra, og Magnús Guðmundsson, forstjóri LMÍ, við upphaf mælinganna.

NKG fundar á Akranesi

Fundur framkvæmdanefndar norræna landmælingamanna, NKG (Nordisk Komission for Geodesy), var haldinn hjá Landmælingum Íslands á Akranesi í maí s.l. Fundir nefndarinnar eru haldnir árlega, til skiptis í löndunum, og var síðasti fundur hér á landi árið 1999.

Nefndin vinnur að mótun heildarstefnu í landmælingamálum auk þess að skipuleggja og hafa umsjón með mikilvægum verkefnum. Á vegum NKG starfa nokkrir hópar sem vinna að sértækum verkefnum. NKG hefur verið helsti samráðs- vettvangur Norðurlandanna í mörgum evrópskum verkefnum á sviði landmælinga. Fundurinn þótti mjög góður og hefur starf vinnuhópanna jafnframt gengið mjög vel.



Fundarmenn skoðuðu Hvanneyrarkirkju undir leiðsögn Bjarna Guðmundssonar.

Gönguleiðir

Ferðamálaráð Íslands, Ungmennafélag Íslands og Landmælingar Íslands hafa undirritað samstarfs- samning um gerð og rekstur gagna- grunnus um gönguleiðir á Íslandi. Unnið er að gerð vefs um göngu- leiðir og er slóðin www.ganga.is. Þar verður að finna upplýsingar um a.m.k. 500 gönguleiðir. Fleiri leiðir munu svo bætast við í framtíðinni. Landmælingar Íslands munu sjá um gerð korta með gönguleiðum og verða kortin byggð á gervitungla- myndum og öðrum stafrænum kortagrunnum.



Jákvæðar niðurstöður í skoðanakönnun IM Gallup

IM Gallup á Íslandi hefur gert þrjár kannanir með hálfis árs millibili fyrir Landmælingar Íslands. Með könnunum er reynt að fylgjast með viðhorfi almennings gagnvart stofnuninni og fá álit hans á gæðum þeirra vara sem LMÍ senda frá sér. Úrtakið í könnunum var 1250-1350 manns og var svarhlutfall 62-69%.

Miðað við rétta tímaröð í könnunum voru niðurstöðurnar þær að 81%, 74% og 78% voru jákvæðir eða mjög jákvæðir í garð stofnunarinnar og 87%,

81% og 83% telja að gæði vara hjá LMÍ séu frekar mikil eða mikil.

Í samanburði við sambærilegar kannanir sem unnar hafa verið fyrir önnur fyrirtæki og stofnanir á markaðinum verða niðurstöðurnar að teljast mjög góðar fyrir Landmælingar Íslands. Þær sýna að þróunin sem orðið hefur í starfsemi stofnunarinnar á undanförunum misserum fellur almenningi vel í geð. Það hvetur starfsmenn til að gera enn betur í að koma til móts við áhuga og þarfir þeirra sem þurfa á kortum og öðrum gögnum LMÍ að halda.

Breytingar á LU-Flokkun

LU-Flokkun, frumútgáfa af fitjuskrá fyrir landfræðileg gögn, hefur verið gefin út af Landmælingum Íslands og LÍSU, samtökum um landupplýsingar á Íslandi. Auglýst var eftir athugasemdum við frumútgáfu skrárinnar og hefur ritstjórn LU-Flokkunar gert töluverðar breytingar á henni til að koma til móts við þarfir notenda. Eft var til kynningarfundar í júní sl. fyrir notendur landupplýsingakerfa þar sem farið var yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á verkefninu undanfarna mánuði.

„Á fundinum komu fram góðar ábendingar sem ritstjórn hefur verið að vinna úr,“ segir Ingunn María Þorbergsdóttir, sérfræðingur hjá LMÍ. „Með breytingunum er LU-Flokkun orðið einfaldara og opnara kerfi og öll skráning öruggari. Margar stofnanir taka nú þegar mið af LU-Flokkun við skráningu landfræði-



Ingunn María Þorbergsdóttir.

legra upplýsinga í gagnagrunnum sínum.“

Að sögn Ingunnar Maríu er gert ráð fyrir að LU-Flokkun verði auglýst sem staðall nú á haustmánuðum.

Samstarf við Skógrækt ríkisins

Samstarfssamningur milli Skógræktar ríkisins og Landmælinga Íslands um stafræn landfræðileg kortagögn og fjar-könnun var undirritaður á Egilsstöðum í maí s.l. Verkefni stofnananna eru um margt skyld vegna úrvinnslu og notkunar landfræðilegra upplýsinga og stafrænna korta. Með samningnum mun hvor stofnun um sig fá aðgang að gögnum og þjónustu hinnar.

Með samningnum fá LMÍ meðal annars aðgang að stafrænum kortum og upplýsingum sem tengjast skráningu á skógum, kjarri og skógrækt en Skóg-



Magnús Guðmundsson, forstjóri LMÍ, Jón Loftsson, skógræktarstjóri og Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu.

rækt ríkisins fær aðgang að gögnum úr IS 50V - gagnagrunninum. Þá eru ákvæði um að stofnanirnar muni leitast við að fjármagna í sameiningu kaup á gervitunglamyndum til nota í verkefnum beggja stofnana.

Fyrirmyndarstofnanir

Í vor var ríkisstofnun sem telst öðrum til fyrirmyndar verðlaunuð. Að þessu sinni varð ÁTVR fyrir valinu en fjórar aðrar stofnanir voru í lokaúrtaki nefndar sem sá um valið: Fiskistofa, sem fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur, Heilbrigðisstofnunin á Akranesi, sem fékk sérstaka hvatningu, Iðntæknistofnun og Landmælingar Íslands.

Í ljósi þess uppbyggingarstarfs sem fram fer hjá Landmælingum Íslands er

mjög mikilvægt að stofnunin skuli veljast í þennan hóp og verður það starfsmönnum hvatning til að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið. Í álitni nefndarinnar sagði m.a. um Landmælingar Íslands að stofnunin hefði byggt upp öflugna starfsemi með nútímalegum stjórnunarháttum og áhersla væri lögð á að virkja starfsfólk til þátttöku í mótunarstarfi.

Samstarfið þjóðhagslega hagkvæmt

Landmælingar Íslands og Veðurstofa Íslands eiga í víðtæku samstarfi um stafræn landfræðileg kortagögn, landmælingar og fjar-könnun en samningur þar að lútandi var undirritaður í maí í vor. Með samstarfssamningnum mun hvor stofnun um sig fá aðgang að gögnum og þjónustu hinnar og er stefnt að auknu samstarfi á sviði landmælinga og fjar-könnunar.

Verkefni stofnananna tengjast á mörgum sviðum



Veðurstofa Íslands, ásamt Norrænu eldfjallastöðinni, heldur úti flóknu og vönduðu kerfi sem felur í sér hallamælilinur, skjálftamæla og umfangsmikið net landmælingapunkta.

og því er talið þjóðhagslega hagkvæmt að þær eigi með sér náið samstarf.

Ársskýrsla 2003

Í ársskýrslu Landmælinga Íslands 2003 eru reikningar ársins birtir og fjallað um helstu þætti í starfsemi. Tekin eru saman meginatriði í helstu málaflokkum, svo sem landmælingum, fjar-könnun og vinnslu stafræna kortagrunnsins IS 50V. Útgáfumálum og sölumálum eru gerð skil auk þess sem fjallað er um helstu viðburði ársins. Rekstrarhagnaður var á árinu eins og undanfarin ár. Ársskýrslan er einnig til í styttri útgáfu á ensku.




Ferðakort og geisladiskar 2004-2005

Landmælingar Íslands hafa gefið út nýjan bækling til að kynna kort og geisladiska. Í bæklingnum eru helstu upplýsingar um ýmsar tegundir korta ásamt myndum af kápum og yfirlitskortum yfir blaðskiptingar. Þá eru þar upplýsingar um Flugdiskinn og kortadiska og nýjar útgáfur ársins. Bæklingurinn er 8 blaðsíður í stærðinni A5 og er texti hans á íslensku og ensku.



Stafræn kortagögn 2004-2005

Bæklingur um stafræn kortagögn var gefinn út nú í byrjun september. Í bæklingnum er að finna almennar upplýsingar um stafræn gagnasöfn LMÍ, skannaðar loftmyndir og gervitunglamyndir og þá þjónustu sem í boði er varðandi stafræn gögn.



Landlýsing

Samstarfssamningur milli LÍSU-samtakanna og LMÍ um Landlýsingu fyrir tímabilið 2004-2006 var undirritaður í árslok 2003. Samningurinn er að mestu samhljóða fyrri samningi. Með honum taka Landmælingar Íslands að sér að vista, fjármagna og reka lýsigagnavefinn Landlýsingu og gagnagrunninn sem hann byggir á. LMÍ leggja til starfsfólk en ábyrgð á upplýsingunum er eins og áður hjá eigendum gagnasafnanna. Líkt og undanfarin þrjú ár er gert ráð fyrir að svipaður fjöldi lýsigagna verði settur inn á gagnagrunninn á ári, eða um 20. Nú eru þau 114 talsins. Í lok tímabilsins er þess vænst að lýsigögn fyrir a.m.k. 160 gagnasöfn verði í Landlýsingu.

Ársþing

EuroGeographics á Íslandi 2005



Stjórn EuroGeographics.


Stjórn EuroGeographics, samtaka evrópskra kortastofnanna hélt fund sinn hér á landi í mars sl. Á fundinum var m.a. ákveðið að ársþing samtakanna verði haldið á Íslandi í september 2005. Verður það í fyrsta skipti sem samtökin halda ársþing hér á landi. Um 100 manns munu taka þátt í þinginu. LMÍ hafa verið þátttakendur í starfi evrópskra kortastofnana síðan árið 1987. Starfsemin er mjög fjölbreytt, allt frá því að vera samráðsvettvangur landanna á fagsviðum yfir í gerð og vinnslu stafræna gagnasafna af Evrópu.

Heimasíða Eurogeographics er: www.eurogeographics.org

Ferðakortabók 2004

Yfirfarin og endurbætt útgáfa Ferðakortabókar Landmælinga Íslands kom út í vor. Í bókinni er ferðakort í mælikvarðanum 1:500 000 ásamt öllum helstu upplýsingum sem ferðamaðurinn þarf á að halda. Þar er að finna upplýsingar um vegakerfi landsins og veganúmer ásamt upplýsingum um ferðaþjónustu á hverjum stað. Í Ferðakortabókinni er tafla um vegalengdir, upplýsingar frá Umferðarstofu, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands.

Ferðakortabókin geymir nýuppfærðar upplýsingar um söfn, gístaði, bensinstöðvar, upplýsingamiðstöðvar,



sundstaði og golfvelli. Bókin inniheldur nafnaskrá með yfir 3000 örnefnum og í henni eru ýmis þemakort, s.s. jarðfræðikort og gróðurmynd af Íslandi, kort yfir útbreiðslusvæði GSM og NMT, útbreiðslusvæði útvarps, hringsjár, friðlýst landsvæði, þjóðminjakort og sveitarfélagakort. Hverfakort af höfuðborgarsvæðinu og ný götukort af Reykjavík, Akureyri og Seyðisfirði eru í bókinni ásamt nokkrum sérkortum

af þekktustu ferðamannastöðum landsins.

Þetta er 6. útgáfa bókarinnar sem er í sama broti og áður, 96 blaðsíður að lengd.

Reiðleiðir á veraldarvefnum


Landssamband hestamannafélaga, Vegagerðin og Landmælingar Íslands starfa saman að skráningu reiðleiða á Íslandi.

„Á þessu ári var hafin söfnun upplýsinga um reiðleiðir á öllu landinu sem verða gerðar öllum almenningi aðgengilegar á Netinu,“ segir Ingunn María Þorbergsdóttir, sérfræðingur hjá LMÍ sem stýrir verkefninu fyrir hönd LMÍ. „Landssamband hestamannafélaga sér um söfnun gagna um allt land í samvinnu við hestamenn og hestamannafélög og Landmælingar Íslands vinna úr upplýsingunum og koma gögnum í

landfræðilegt upplýsingakerfi sem og á vefinn. Vegagerðin sér síðan um stöðlun skráningaratriða og veitir upplýsingar um viðurkenndar reiðleiðir.“

Gagnasafnið mun í framtíðinni geta geymt upplýsingar svo sem um vöð, brýr, reiðgöng, áningarstaði, beitarhólf, staði þar sem hey fæst, skeiðvelli, réttir, hindranir á leið, hesthúsahverfi og vörður á reiðleiðum. Í júlí í sumar, á Landsmóti hestamanna, var opnuð kynningarútgáfa af vefsíðunni, <http://reiðleiðir.lmi.is>.

„Hér er einungis um kynningarútgáfu að ræða en sýnir engu að síður hvernig framsetning upplýsinga og útlit vefsins kemur til með að vera. Við stefnum að því að byggja upp gott gagnasafn um reiðleiðir á öllu landinu sem birt verður á kortaskjá með þessum hætti,“ segir Ingunn María.



Kvarðinn

FRÉTTABRÉF LANDMÆLINGA ÍSLANDS
Kvarðinn nr. 12, 2. tbl., 6. árg., sept. 2004

Útgefandi: Landmælingar Íslands, Stillholti 16-18, 300 Akranes. Sími: 430 9000 - Fax: 430 9090
Tölvupóstur: lmi@lmi.is Vefsíða: www.lmi.is
Ábm.: Þorvaldur Bragason
Útlit og umsjón texta: Kristján Kristjánsson

Ljósmyndir: Guðni Hannesson, Vigfús Birgisson, Markus Rennen og Helgi Steindal.
Umbrot og prentun: Prentverk Akraness hf.
Kvarðinn er prentaður á umhverfisvænan G-print pappír sem vottaður er af „Hvíta svaninum“.